

6. desember 2011

Fundur nr. 68

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 6. desember 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Heiða Elísdóttir (fór klukkan 20:00), Sandra Helgadóttir, Kristján Árnason (mættur 19:36) og Sigríður Vígðís Þórðardóttir.

1. Fundagerð síðasta fundar

Framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til bæjarins er varðar að gera félagið sýnilegra. Annað samþykkt.

2. Styrkir alþingis til íþróttar og æskulýðsmála

Mikil vinna fylgir því að sækja um styrk hjá alþingi og því heldur seint að gera það núna. Við munum sækja um þennan styrk fyrir næsta tímabil.

3. Greiðslur bæjarins fyrir leigu á tækjabúnaði (fundur 62 og 64)

Þessi liður verður tekin fyrir á næsta fundi.

4. Styrkjasöfnun framkvæmdastjóra til Þróttar

Framkvæmdastjóra falið að leggja áherslu á að safna styrkjum fyrir félagið.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóra falið að ræða við þjálfara Þróttar er varðar tilnefningar á íþróttamanni ársins. Viðkomandi íþróttamaður þarf að vera 12 ára eða eldri.

Stjórnin setur formanni meistaraflokksins þau skilyrði að til þess að fá styrkin frá Þrótti greiddan að fullu verður hann að vera búin að útvega meistaraflokknum kennitölu. Stjórnin mun greiða fyrri helming styrksins núna ú desember en seinni helmingurinn fær meistaraflokkurinn ekki fyrr en ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt. Ef meistaraflokkur hefur ekki eignast kennitölu fyrir 15. febrúar verður seinni helmingurinn ekki greiddur út.

Reynslutíma framkvæmdastjóra Þróttar er lokið. Stjórnin er ánægð með störf framkvæmdastjóra og einnig er framkvæmdastjóri ánægður með sitt starf hjá stjórninni. Ákveðið er að hún muni halda áfram sem framkvæmdastjóri Þróttar.

Þróttur mun styrkja jólamót fótboltans um smákökur, svala og einnig vörur merktar Þrótti.

Framkvæmdastjóra falið að setja sig í samband við þá sem sjá um Þróttarafatnaðinn og útvega Baldvini og Vigni nýjar úlpur og útibuxur þar sem eldri fatnaður er úr sér gengin. Sandra batmintonþjálfari fékk íþróttagalla mergtan félaginu til þess að klæðast á æfingum.

Stjórnin ákvað að þessi fundur hafi verið sá síðasti fyrir jól og því mun næsti fundur ekki verða fyrr en þriðjudaginn 10. janúar klukkan 19:30.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:41